

Hefjum nýtt ár

Það er tímabært að hjálpa börnum
að verða ábyrgir stafrænir borgarar



Kennarar



COUNCIL OF EUROPE





CONSEIL DE L'EUROPE

Að vera á netinu



Aðgengi og aðild

Stafræn tækni getur sameinað fjölskyldur og vini á fjarlægum slóðum allt árið um kring. Tæknin getur þó einnig myndað gjá á milli fólks. Þeir sem hafa aðgang að eða kunna vel á tæknina geta þannig fengið forskot á meðan skortur á þessu sviptir aðra tækifærum.

-  Skoraðu á nemendur þína að finna nýstárlega leið þar sem tækni er notuð til að hjálpa börnum með fötlun.
-  Láttu nemendur kynna það sem þeir fundu út og fáðu bekkinn til að kjósa um áhugaverðustu niðurstöðurnar.



Nám og sköpunargleði

Nýtt ár markar nýtt upphaf og er þess vegna kjörinn tími til að hvetja börn til að kanna nýtt efni. Stafræn tækni getur hjálpað þeim að virkja ímyndunaraflid. Skoðaðu efnið með þeim og láttu þau sýna þér stafræna færni sína.

-  Látið nemendur vinna í litlum hópum þar sem þeir rannsaka og kynna fyrir bekknum hvernig fólk fagnar nýju ári í landi eða álfu langt frá þeirra eigin.
-  Minnið þá á að huga að höfundarrétti ef þeir afrita upplýsingar eða hlaða niður myndum.

Miðlalæsi



Á meðan nýársheit eru enn ofarlega í huga margra er skemmtilegt að fá börnin til að hugsa um miðlana sem þau nota og hvernig þeir hafa áhrif á langanir þeirra og gjörðir.

-  Hópar geta fylgt eftir fyrri verkefnum með því að undirbúa ítarlegri kynningu á landinu sem þeir völdu: stutta sögu landsins, landafræði, fjölskyldu, frægar minjar, siði, þjóðarafurðir o.s.frv.
-  Ræðið áreiðanleika upplýsinga og gangið úr skugga um að hóparnir vitni í heimildir.

Velliðan á netinu



Siðareglur og samkennd

Fjölskylda og vinir hittast gjarnan og gefa hvert öðru gjafir við ýmis hátíðleg tækifæri. Ræðið um gjafir við börnin og fáið þau til að hugsa um fleiri leiðir til að sýna góðvild og þakklæti.

-  Fáðu nemendur til að skipuleggja „dag stafrænnar borgaravitundar“ innan bekkjarins eða í skólanum. Láttu þá sameinast um eina til tvær hugmyndir um hvernig halda má upp á slíkan dag þannig að hann hafi jákvæð áhrif.
-  Hjálpaðu þeim að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd og mæla áhrifin.



Heilsa og velliðan

Þegar börn eru í fríi frá skóla, þá verja þau oft meiri tíma á netinu. Minntu þau á að hreyfing er líka mikilvæg. Einnig er nauðsynlegt að huga að líkamsstöðu og gott að slökkva á skjám að minnsta kosti klukkutíma fyrir svefn.

-  Spurðu nemendur þína hvaða tölvuleiki þeir spila eða langar í og flettu heiti þeirra upp á pegi.info.
-  Ræddu hvers vegna mikilvægt er að virða aldurstakmörk og leiðbeiningar um efnisinnihald. Einnig er gott að ræða hvaða áhrif tölvuleikir geta haft á heilsu og velliðan.

Netvera og samskipti



Um áramót skiptist fólk um allan heim á netskilaboðum og kveðjum. Það er gott tilefni til að minna börn á að skilaboðin sem þau senda og það sem þau gera, bæði á netinu og utan þess, hefur áhrif á orðspor þeirra.

-  Talaðu við nemendur þína um mikilvægi þess að sýna virðingu og kurteisi í samskiptum á netinu og utan þess.
-  Ræðið muninn á formlegum og óformlegum samskiptum. Kveðjur og skilaboð með texta og lyndistáknum eru til dæmis fín leið til að eiga samskipti við vini en ekki endilega alltaf viðeigandi í samskiptum við kennara eða aðra fullorðna.

Réttindi á netinu



Virg þátttaka

Nýársheit snúast oft um að gera komandi ár betra og bjartara en það síðasta. Virg þátttaka er ein leið til þess. Gott er að minna börn á að með því að vinna með öðrum að sameiginlegum markmiðum eru þau að leggja sitt af mörkum til að gera heiminn betri.

-  Skipuleggðu kappræður í bekknum um „heitt“ málefni eins og loftslagsbreytingar.
-  Biðjið nemendur að kynna hugmyndir sínar um aðgerðir sem hægt er að innleiða í skólanum á nýju ári og þannig leggja sitt af mörkum til að bæta lífið á jörðinni.



Réttindi og ábyrgð

Til að byrja nýtt ár á góðum grunni er skemmtilegt að hvetja börnin til að kanna hvort uppáhalds vefsvæðið þeirra eða forritið veiti þeim í raun næga vernd og virði grundvallarréttindi.

-  Biðjið nemendur um að nefna nokkur forrit eða vefsvæði sem þau nota.
-  Skoðaðu nokkur þeirra með bekknum til að sjá hversu vel réttindi barna eru virt eins og til dæmis friðhelgi einkalífs. Athugaðu hver þeirra sía út skaðlegt efni og hver loka á samskiptabeidnir frá ókunnugum.

Einkalíf og öryggi



Við hátíðleg tækifæri fá börn gjarnan gjafir svo sem nýja tölvuleiki, ný smáforrit, áskriftir af netleikjum eða nettengd leikföng. Þetta er gott tilefni til umræðna um friðhelgi einkalífs og á hve marga vegu hægt er að brjóta hana þegar þessar gjafir eru notaðar.

-  Látið nemendur fletta upp friðhelgisstefnu í uppáhalds netleiknum sínum eða smáforriti. Hvað segir stefnan um vernd persónuupplýsinga þeirra og friðhelgi? Nemendur kynna stutta samantekt í bekknum.
-  Fáðu nemendur til að einfalda orðalag í friðhelgisstefnunni þannig að auðveldara sé að skilja hana.

Réttindi á netinu

Neytendavitund

Um áramót höfum við tilhneigingu til að neyta meira en venjulega. Í Covid-19 faraldrinum færðist mikið af viðskiptum yfir á netið. Nýttu tækifærið til að tala við börnin um ofneyslu og hvernig hún getur haft áhrif á umhverfið. Hvað þarf að hafa í huga þegar verslað er á netinu?

-  Fáðu nemendur þína til að segja frá hlutum sem þeir eru með á óskalista sínum.
-  Láttu þá leita að þessum hlutum á netinu og finna út hvar og hvernig þeir eru framleiddir. Styður varan þjóðarhag í því landi sem hún er framleidd og fær starfsfólk sanngjörn laun fyrir vinnu sína?

Það er tímabært að hjálpa börnum að verða ábyrgir stafrænir borgarar

Annað útgefið efni Evrópuráðsins um menntun í stafrænni borgaravitund

- ▶ Educating for a video game culture – A map for teachers and parents (2021)
- ▶ Digital citizenship education - Trainers' Pack (2020)
- ▶ Digital Citizenship Education – Lesson plans for educators available at <https://www.coe.int/en/web/education/new-materials>
- ▶ Digital Citizenship Education Handbook (2019)
- ▶ Bullying: perspectives, practice and insights (2017)
- ▶ Internet Literacy Handbook (2017)

Frekari upplýsingar má finna á:
www.coe.int/education

Höfundar:
Janice Richardson
Veronica Samara

Þýtt af:



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra



PREMS 022822

ISL

www.coe.int

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 47, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttinasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE